SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík 13. nóvember 2026

Fréttatilkynning frá Sjómannasambandinu

Í morgun var undirritaður nýr kjarasamningur Sjómannasambandsins, SSÍ, við Landssamband smábátaeigenda,LS, og Samtök smærri útgerða, SSÚ.

Það er fagnaðarefni að loksins hafi tekist að gera nýjan samning fyrir smábáta. Síðast var gerður kjarasamningur fyrir smábáta árið 2012.

Samningurinn er í anda þess samnings sem sjómenn gerðu 2024 við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS. m.a. var samið um að sjómenn á smábátum fái 3,5% í tilgreinda séreign frá útgerðinni.

Samningurinn fer nú í kynningu meðal félagsmanna og atkvæðagreiðslu að henni lokinni.

Þau félög auk Sjómannasambandsins sem aðild eiga að samningnum eru Félag Skipstjórnarmanna, FS, VM- félag vélstjóra og málmtæknimanna og Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur, SVG.

Gildistími samningsins er til 2033 en báðir aðilar geta sagt honum upp á tímabilinu. Útgerðin 2028 og sjómenn 2029.

Valmundur Valmundsson
formaður Sjómannasambandsins